# LÖGFRÆÐINGAR

## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ (FME) AUGLÝSIR STÖÐUR LÖGFRÆÐINGA LAUSAR

Lögfræðingarnir munu starfa við fjölbreytt verkefni og fá tækifæri til faglegrar þróunar. Störfin fela í sér samskipti við eftirlitsskylda aðila og viðskiptavini þeirra og úrlausn ýmissa mála vegna eftirlits með viðskiptaháttum.

### Lánamarkaður

Í starfinu felst eftirlit með fjármálafyrirtækjum s.s. í tengslum við erlenda starfsemi, afgreiðslu starfsleyfa og eftirlit með starfsháttum og starfsheimildum.

### Umsóknarfrestur er til 26. mars 2007

Umsóknir og starfsferilskrá berist til Huldu Guðmundsdóttur, Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík, eða á netfangið hulda@fme.is

### Verðbréfamarkaður

Í starfinu felst m.a. eftirlit með viðskiptaháttum á markaði og samstarf við Kauphöllina. Rannsókn mála sem varða innherjaviðskipti, markaðsmisnotkun, yfirtökur, útboðsreglur og úttektir.

### Æskilegir eiginleikar sem horft er til

- Viðeigandi starfsreynsla, t.d. á fjármálamarkaði
- Frumkvæði, metnaður og hæfni til þátttöku í hópvinnu

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

FME er vinnustaður með opinn stjórnunarstíl, hátt menntunarstig og öfluga liðsheild. Lögð er áhersla á símenntun, skýra verkefnaábyrgð og framþróun í starfi. Vinnuumhverfið er lifandi og einkennist af fjölbreytni, þverfaglegri samvinnu og alþjóðlegu samstarfi. Nánari upplýsingar um FME er að finna á www.fme.is.